

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað vegna stöðu barnaverndarmála í Mosfellsbæ

Dags: 24. september 2024

Málsnúmer: 202408480/10.5

Sendandi: Guðrún Marinósdóttir, Stjórnandi barnaverndar

Forsaga:

Á fundi 21. fundar bæjarstjórnar var bókað um mál: **202404149 - Lykiltölur 2024**

Lykiltölur velferðarsviðs janúar-júní 2024 lagðar fram til kynningar.

Velferðarnefnd lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu fjölgunar barnaverndarmála og leggur til að farið verði í nákvæma athugun og leita leiða til að bregðast við.

...

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar tekur undir bókun velferðarnefndar og lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu fjölgunar barnaverndarmála og leggur ríka áherslu á að farið verði í markvissar aðgerðir í þágu forvarna í samstarfi þeirra aðila sem koma að uppeldi og velferð barna. Tillögur þess efnis liggi fyrir við framlagningu fjárhagsáætlunar.

Greinargerð:

Almenn fjölgun tilkynninga til barnaverndar hefur orðið á landsvísu síðustu ár, sérlega milli árána 2022, 2023 og 2024. Tilkynningum vegna vanrækslu á börnum á árinu 2023 fjölgaði um 6,4% frá árinu áður og vegna ofbeldis gegn börnum fjölgaði þeim um 4,3% milli árána 2022 og 2023. Tilkynningum vegna áhættuhegðunar fjölgaði um 25,1% árið 2023 samanborið við 2022. Tilkynningum til barnaverndar hefur fjölgað um tæp 17% prósent á fyrstu mánuðum ársins 2024 samanborið við sama tíma í fyrra og tilkynningum um áhættuhegðun um rúmlega 30%. Hvað varðar Mosfellsbæ var fjallað um fjölgun tilkynninga til barnaverndar í sveitarfélaginu á 21. fundi velferðarnefndar Mosfellsbæjar undir liðnum *Lykiltölur*. Síndu lykiltölur að fyrstu sex mánuði ársins 2024 fjölgaði tilkynningum til barnaverndar Mosfellsbæjar um 43% frá árinu áður.

Aðilar eins og Lögreglan og Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) hafa nefnt atriði sem gætu átt þátt í þessari aukningu; breytingar vegna aðstæðna í kjölfar Covid, að lögregla sé skilgreind sem þjónustuaðili í farsældarlögunum og tilkoma samfélagslögreglu. Einnig hafa verið leiðbeiningar til lögreglu varðandi hvornig vinna skal mál barna og ungmenna og skrá þau í LÖKE, sem er gagnagrunnur lögreglunnar. Þá eru nefnd atriði eins og hópasöfnun, samfélagsmiðlar, aukin drykkja og vímuefnaneysla og aukinn vopnaburður barna. Brugðist er við þessari þróun m.a. með lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Til þess að geta sannarlega unnið á farsælan hátt með þennan þunga og mikilvæga málaflokk verður að vera áhersla á að starfsmenn, sem vinna með málin, geri slíkt með vonduðum og faglegum hætti. Til að það megi verða þarf að huga vel að aðbúnaði starfsmanna og gera þeim kleift að geta borið þann málapakka sem þeim er falinn. Ef málþungi er of mikill fer fljótlega

að skorta raunverulegan árangur í meðferð málanna. Málavogin í barnavernd er tæki til að mæla þunga mála á starfsmenn og hefur áður verið kynnt fyrir fjölskyldunefnd, nú velferðarnefnd, sjá fylgiskjal.


Sífelld hafa aukist kröfur á vandaða og nákvæma málsmeðferð barnaverndarmála. Nú þegar ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna hafa tekið gildi, eru enn auknar kröfur um slíkt. Mikilvægt er líka að nefna að aukinn fjöldi tilkynninga þýðir alltaf aukna vinnu, einnig vegna þeirra tilkynninga sem ekki halda áfram í málsmeðferð barnaverndar. Meðhöndla skal þær tilkynningar skv. ákv. málsmeðferð og skoða með framangreind lög í huga. Málsmeðferð, vinna byggð á viðurkenndum aðferðum, og lög hafa þannig aukið kröfur til starfsmanna síðustu ár. Þyngri vinna á bakvakt er í takti við fjölgun tilkynninga. Brugðist hefur verið við því með breyttu vaktafyrirkomulagi og fjölgun starfsmanna sem ganga bakvaktir. Barnaverndinni berast í meira mæli erfiðari mál, sem krefjast þyngri úrræða, flóknari vinnubragða, aukins samstarfs við aðrar stofnanir, aukinnar lögfræðiaðstoðar við starfsmenn og svo mætti áfram telja. Nýtt kerfi í barnavernd með umdæmisráði barnaverndar, hefur líka þýtt meira álag vegna aukinnar ábyrgðar starfsmanna á málum sem barnaverndarnefndir gátu áður komið fyrir að.

Í þessu nýja umhverfi barnaverndar hafa verkefni einnig breyst, allar beiðnir um umsagnir frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) koma nú til barnaverndar, en fóru áður einnig til félagsþjónustu. Þá eru málsaðilar mála, gamalla og nýrra, með aukna meðvitund um að sækja öll sín gögn til barnaverndar. Það krefst mikillar og vandaðrar yfirferðar af hálfu starfsmanna og stjórnanda barnaverndar, auk þess að tæknimálin séu með hjálplegum hætti.

Í dag höfum við í barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar á að skipa þremur stafsmönnum auk stjórnanda. Til að létta á starfsmönnum, hefur stjórnandi unnið einstaklingamál samhliða stjórnendastarfi. Segja má að málavinnsla stjórnanda sé ekki æskilegt fyrirkomulag, þar sem fylgja þarf barnaverndarmálum þétt eftir og fer það illa saman með góðum stjórnunarháttum. Þá hefur frá því í júní sl. verið vanur verktaki í starfi hjá barnavernd sem létt hefur róðurinn, og gert okkur ljóst að við þörfnumst aðstoðar til að geta sinnt barnaverndarþjónustunni eins og skyldi í nýju og breyttu umhverfi.

Tölur málavogar voru síðast lagðar fyrir fjölskyldunefnd árið 2020, áður en skipulagsbreytingar urðu á velferðarsviði. Nú er málavog lögð fyrir á nýju í breyttu skipulagi, til upplýsingar um stöðuna, þegar tilkynningum fer fjölgandi og sveitarfélagið stækkandi. Núverandi mæling málavogarinnar, sem framkvæmd var í september, gefur vísbendingu um að fjöldi mála í barnavernd sé of mikill á hvern og einn starfsmann. Þungi málavogarinnar ásamt fjölgun tilkynninga á þessu ári gefa vísbendingar um að álag á starfsmenn sé mikið. Það þýðir að erfiðara er að grípa þétt um börnin í okkar nærumhverfi, sem við hvað mestan vanda glíma. Verktaki hefur aðstoðað starfsmenn barnaverndar í sumar, en taka skal fram í lokin að barnaverndarvinna byggir á teymisvinnu starfsmanna. Verktaki verður aldrei sá hluti af heild sem nauðsynlegt er í þessari vandasömu en gefandi vinnu. Einnig er mikilvægt að fram komi að málavoginni er einungis ætlað að mæla álag í málsmeðferð hjá barnavernd, en við sem störfum þar höfum auðvitað fjölmörg önnur verkefni að auki, sem ekki verða mæld með þessari aðferð.

Virðingarfyllst,



Guðrún Marinósdóttir
Stjórnandi barnaverndar

Fylgiskjal 1: Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar 11. nóvember 2020